



Reglugerð Orlofssjóðs Verkalýðsfélags Suðurlands

1. grein. Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Orlofssjóður Verkalýðsfélags Suðurlands, skammstafað Orlofssjóður VLFS.
- 1.2. Orlofssjóður Verkalýðsfélags Suðurlands er eign VLFS.
- 1.3. Heimili hans og varnarþing er á Hellu.

2. grein. Tilgangur sjóðsins.

- 2.1. Tilgangur sjóðsins er að auðvelda fólki að njóta orlofsdvalar. Tilgangnum skal ná með því m.a.:
 - Að kaupa eða byggja orlofshús eða íbúðir fyrir eigin reikning til að leigja félagsmönnum á eigin vegum eða í samvinnu við önnur félög eða samtök.
 - Að styrkja félagsmenn til orlofsdvalar í orlofshúsi eða íbúðum í eigu sjóðsins eða annara.
 - Að semja um hagstæð kjör á orlofsferðum og gistingu bæði innanlands og utan.
 - Að styrkja félagsmenn til annarra orlofsúrræða.
 - Að standa fyrir kynningar- og fræðslustarfi í sambandi við orlofsmál og nýtingu orlofs.
- 2.2. Sjóðnum er heimilt að ganga til samstarfs við önnur stéttarfélög í framangreindum tilgangi.
- 2.3. Heimilt er að skipa ferðanefnd sem annast undirbúning og skipulagningu einstakra orlofsferða.

3. grein. Tekjur sjóðsins.

- 3.1. Tekjur sjóðsins eru:
 - Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt kjarasamningum á hverjum tíma.
 - Leigutekjur vegna orlofshúsa og íbúða og annarra eigna í eigu sjóðsins.
 - Vaxtatekjur.
 - Gjafir, framlög og styrkir.

4. grein. Kosning og skipan stjórnar sjóðsins.

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur aðalmönnum og einum til vara kosnum á félagsfundum til tveggja ára í senn samkvæmt lögum félagsins.
- 4.2. Í aðalstjórn skal ávallt vera að lágmarki annað hvort formaður eða varaformaður félagsins.
- 4.3. Stjórn sjóðsins skal kosin á síðasta félagsfundum fyrir aðalfund annað hvert ár.
- 4.4. Uppstillingarnefnd skilar tillögum til félagsstjórnar eigi síðar en fjórtán dögum fyrir auglýstan félagsfund. Skal listinn merktur bókstafnum A. Tillaga skal liggja frammi á skrifstofu félagsins og auglýst félagsmönnum til sýnis eigi síðar en sjö dögum fyrir kjördag.
- 4.5. Öðrum framboðum skal skilað til kjörstjórnar eigi síðar en sjö dögum fyrir kjördag. Berist aðeins tillaga kjörstjórnar þarf kosning ekki að fara fram.
- 4.6. Ný stjórn tekur við þegar kjöri hennar hefur verið lýst á aðalfundi.



5. grein Rekstur og stjórn sjóðsins.

- 5.1. Stjórnun sjóðsins skal vera í samræmi við lög og starfsreglur félagsins og þau sjónarmið sem gilda skv. almennum stjórnsýslureglum.
- 5.2. Stjórn sjóðsins tekur laun fyrir fundarsetu samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar.
- 5.3. Heimilt er að fela skrifstofu VLFS fjárreiður og umsjón með sjóðnum. Þó skal halda bókhaldi sjóðsins aðskildu frá öðrum fjárreiðum VLFS.
- 5.4. Formaður félagsins, eða starfsmaður í umboði hans, annast vörslu sjóðsins og greiðslur úr honum eftir fyrirætlum sjóðsstjórnar.
- 5.5. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárreiðum, tekur ákvarðanir um kaup og sölu eigna sem og fjárveitingar einstakra verkefna. Félagisstjórn er heimilt að verja allt að 10% af tekjum sjóðsins til að standa straum af kostnaði við rekstur hans. Þá má verja af fé sjóðsins til skrifstofutækja allt að helming á móti félagssjóði, enda séu þau eign sjóðsins í sama hlutfalli.
- 5.6. Sjóðsstjórn er ábyrg gagnvart stjórn félagsins. Varði mál meiriháttar ákvarðanir eða skuldbindingar af hálfu félagsins skal stjórn sjóðsins bera það undir félagsstjórn til ákvörðunar.

6. grein. Umsóknir og afgreiðsla.

- 6.1. Afgreiðsla sjóðsins skal vera á skrifstofu félagsins.
- 6.2. Umsóknum skal skilað á því formi sem stjórn sjóðsins ákveður.
- 6.3. Starfsmenn félagsins sjá um að þjónusta sjóðinn s.s. afgreiða almennar umsóknir, úthlutanir orlofseigna, aðstoða félagsmenn og leiðbeina þeim varðandi umsóknir.
- 6.4. Allan beinan kostnað við rekstur ber sjóðurinn sjálfur. Kostnað vegna afgreiðslu og skrifstofuhalds skal ákveða í samkomulagi milli stjórnar sjóðsins og félagsstjórnar.

7. grein. Hlutverk og fundir sjóðsstjórnar.

- 7.1. Stjórn orlofssjóðs annast fjárreiður sjóðsins, gerir tillögur um kaup og sölu eigna sem og fjárveitingar til einstakra verkefna. Við meiri háttar ráðstafanir á eignum félagsins þarf samþykki félagsfundar sbr. 1. mgr. 30. gr. laga félagsins.
- 7.2. Hlutverk sjóðsstjórnar er að:
 - annast vörslu sjóðsins,
 - annast ávöxtun sjóðsins,
 - annast rekstur og umsjón eigna, þ.m.t. byggingaframkvæmdir, viðhald og leigu ef um það er að ræða,
 - annast samskipti við önnur félög og samtök vegna orlofsmála,
 - úthluta samkvæmt reglum sjóðsins.
- 7.3. Stjórn sjóðsins skal vera starfsmönnum félagsins sem fara með daglega afgreiðslu erinda og úthlutun úr sjóðnum til ráðgjafar og úrskurða komi upp vafa- eða ágreiningsmál.
- 7.4. Sjóðsstjórn skal sinna eftirliti með greiðslum úr sjóðnum.
- 7.5. Telji félagisstjórn ástæðu til getur hún kallað eftir nánari upplýsingum og gögnum varðandi fyrirhugaðar útgreiðslur úr sjóðnum.
- 7.6. Sjóðsstjórn skal koma saman svo oft sem þurfa þykir, eigi sjaldnar en tvisvar á ári en oftari ef þörf krefur. Haldin skal fundargerð og ákvarðanir skráðar.



- 7.7. Varamaður skal boðaður til funda en hefur ekki atkvæðisrétt nema hann taki sæti stjórnarmanns sem boðar forföll.
- 7.8. Stjórn félagsins er heimilt að sitja fundi sjóðsstjórnar, en án atkvæðisréttar.
- 7.9. Stjórn sjóðsins skal á 6 mánaða fresti gera stjórn félagsins grein fyrir úthlutunum og kostnaði síðastliðinna 6 mánaða.

8. grein. Réttur til úthlutunar orlofseigna og annarra orlofsúrræða.

- 8.1. Sjóðfélagar eru þeir sem greitt er af iðgjald til sjóðsins.
- 8.2. Sjóðsstjórn setur reglur þar sem kveðið er á um rétt félagsmanna til úthlutunar.
- 8.3. Rétt til úthlutunar orlofshúsa og orlofsíbúða og niðurgreiðslu orlofsúrræða eiga allir félagsmenn sem greitt er af til sjóðsins.
- 8.4. Einnig eiga rétt til úthlutunar orlofshúsa og orlofsíbúða og niðurgreiðslu orlofsúrræða þeir félagsmenn, 67 ára og eldri, sem hættir eru störfum enda hafi þeir verið félagsmenn eigi skemur en 5 ár samfelld fyrir starfslok.
- 8.5. Sama rétt og í grein 8.4 eiga þeir félagsmenn sem verða öryrkjar og hætta störfum þess vegna enda hafi þeir verið félagsmenn eigi skemur en 5 ár samfelld fyrir starfslok.
- 8.6. Atvinnuleitendur og félagsmenn í fæðingarorlofi sem greitt er af til félagsins viðhalda þeim rétti sem þeir hafa áunnið sér.
- 8.7. Rétt til greiðslu annarra styrkja úr sjóðnum eiga eingöngu þeir félagsmenn sem greitt er af til sjóðsins nema annað sé ákveðið í úthlutunarreglum.
- 8.8. Hafi iðgjöld til orlofssjóðs ekki verið greidd vegna sjóðfélaga, en hann getur fært sönnur á að félagsgjöld hafi samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum verið dregin af launum hans síðustu 6 mánuði, skal hann njóta réttar eins og iðgjöld til orlofssjóðs hafi verið greidd.
- 8.9. Verkalýðsfélagi Suðurlands er heimilt að semja við önnur stéttarfélög um samstarf við útleigu orlofshúsa og íbúða. Félagsfólk þeirra félaga getur leigt orlofshús samkvæmt reglum sem stjórn orlofssjóðs setur.

9. grein Ávöxtun sjóðsins.

- 9.1. Heimilt er að ávaxta fé sjóðsins í ríkisskuldabréfum, í skuldabréfum tryggðum með öruggum fasteignaveðum, í fasteignum tengdum starfsemi sjóðsins, í bönkum og sparissjóðum eða á annan þann hátt er stjórn sjóðsins metur tryggan og veitir jafn góða ávöxtun.
- 9.2. Ávallt skal þess gætt að varsla og ráðstöfun fjármuna sjóðsins brjóti ekki í bága við markmið hans og verkefni.

10. grein. Ráðstöfun fjármuna.

- 10.1. Ávallt skal þess gætt að ráðstöfun fjármuna sjóðsins brjóti ekki í bága við tilgang hans eða verkefni
- 10.2. Þegar um er að ræða ráðstöfun fjármuna til verkefna sem ekki falla undir megingilgang sjóðsins með beinum hætti skal tryggt að um eðlilega ávöxtun þess fjármagns sé að ræða.
- 10.3. Við meiriháttar ráðstafanir á eignum félagsins þarf samþykki félagsfundar sbr. 1. mgr. 30. gr. laga VLFS.



11. grein Reikningshald og endurskoðun.

- 11.1. Sömu reglur gilda um reikningsskil, ávöxtun og vörslu orlofssjóðs og annarra sjóða í eigu og vörslu Verkalýðsfélags Suðurlands.
- 11.2. Halda skal bókhaldi sjóðsins aðskildu frá öðrum fjárreiðum félagsins.
- 11.3. Iðgjaldagreiðslur til sjóðsins skulu skráðar á nafn hvers sjóðfélaga.
- 11.4. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.
- 11.5. Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram endurskoðaðir og áritaðir af skoðunarmönnum reikninga og löggiltum endurskoðenda félagsins fyrir aðalfund. Ársreikningur sjóðsins skal tilbúinn, ásamt ársreikningi félagsins, eigi síðar en í apríllök ár hvert og skal stjórn félagsins leggja hann fyrir aðalfund félagsins ár hvert.
- 11.6. Reikningar skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins, félagsmönnum til skoðunar, sjö dögum fyrir aðalfund.

12. grein. Málsskot.

- 12.1. Verði ágreiningur um fjárveitingar úr sjóðnum, getur hver einstakur stjórnarmaður/félagsmaður vísað málinu til félagsstjórnar, sem þá fellir endanlegan úrskurð.

13. grein. Endurgreiðsla iðgjalda.

- 13.1. Iðgjöld til sjóðsins endurgreiðast ekki.

14. grein. Slit sjóðsins.

- 14.1. Hætti sjóðurinn störfum eða ákvörðun tekin um að honum verði slitið færast eignir hans í félagssjóð Verkalýðsfélags Suðurlands.

15. grein. Breytingar á reglugerð þessari.

- 15.1. Breytingar á reglugerð þessari má aðeins gera á aðalfundi, enda sé þess getið í fundarboði að reglugerðarbreytingar séu dagskrá. Ná þær því aðeins samþykki að einfaldur meirihluti greiddra atkvæða séu þeim fylgjandi.
- 15.2. Áður en breytingar á reglugerð þessari eru lagðar fyrir aðalfund skulu þær kynntar stjórn Orlofssjóðs VLFS.
- 15.3. Tillögum til reglugerðabreytinga, sem einstakir félagsmenn vilja koma á framfæri, skal skila til félagsstjórnar eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund.

Reglugerðin var lögð fram og samþykkt á aðalfundi Verkalýðsfélags Suðurlands þann 17.maí 2023 og gildir frá þeim tíma.